



Reitir fasteignafélag hf.  
Kringlan 4-12  
103 Reykjavík

26. júní 2018

## **Staðfesting á að Reitir standist fjárhagslegar kvaðir í veðhafasamkomulagi**

Vísað er til veðhafasamkomulags vegna almenna tryggingafyrirkomulagsins (e. Security Sharing Agreement) frá 21. nóvember 2014, milli okkar sem veðgæsluaðila (e. Security Agent) ásamt Íslögum ehf., Reita fasteignafélags hf. sem lántaka (e. Borrower), dótturfélaga Reita sem ábyrgðaraðila (e. Obligors) og lánveitenda (e. Creditors) eins og þeir birtast í lista 1 við veðhafasamkomulagið á hverjum tíma.

Í skírteini (e. Compliance Certificate) útgefnu af lántaka dags. 26. júní 2018 kemur fram staða fjárhagslegra kvaða og yfirlýsing um rekstrarhæfi félagsins, hér eftir vísað til sem „skírteini 26. júní 2018“.

Við höfum farið yfir og metið upplýsingar sem voru afhentar samhliða skírteini 26. júní 2018 og sent fyrirspurnir, í þeim tilfellum sem það hefur átt við að okkar mati, á fulltrúa lántaka. Niðurstaða óháðrar yfirferðar okkar er að miðað við 31.03.2018 var staða viðkomandi fjárhagslegrar kvaðar eftirfarandi:

<b>Fjárhagsleg kvöð</b>		<b>Kvöð</b>	<b>Niðurstaða útreiknings</b>	<b>Skilyrði staðist</b>
Loan to Value Ratio:	Veðtryggðar skuldir undir tryggingafyrirkomulagi deilt með veðsettum eignum	Aldrei yfir 70%	58,5%	Já

**PwC staðfestir hér með að Reitir standist fjárhagslega kvöð í veðhafasamkomulaginu vegna almenna tryggingafyrirkomulagsins miðað við dagsetninguna 31. mars 2018.**

Fyrir hönd PwC sem veðgæsluaðila,

  
Kristinn F. Kristinsson  
Kristinn.f.kristinsson@is.pwc.com